

22. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 5. nóvember 2009 kl. 10:30. Mættir: Haraldur Benediktsson, Stefán Logi Haraldsson, Emma Eyþórsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Lilja Jóhannesdóttir, Ásmundur Einar Daðason (HLP varamaður), Jón Torfi Jónasson og Þórhallur Bjarnason boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð 21. fundar ráðsins. Samþykkt samhljóða að teknu tilliti til athugasemda.

2. Nýir ráðsmenn í háskólaráði – kynning. Orri Páll Jóhannsson situr nú sinn fyrsta háskólaráðsfund en hann er nýr fulltrúi menntamálaráðherra í ráðinu. Þá situr einnig fundinn Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir varamaður Ásmundar Einars Daðasonar. Fundarmenn kynntu sig.

3. Þróun mála frá síðasta fundi ráðsins.

Neyðaráætlun. ÁS fór yfir helstu þætti í starfi LbhÍ frá síðasta fundi.

Fram kom m.a.:

- Nefnd um fýsileika samruna LbhÍ og HÍ hefur unnið áfram að því að skoða með hvaða hætti Tilraunastöð HÍ í meinafræði á Keldum gæti fallið inn í þann samruna. Niðurstaða mun væntanlega liggja fyrir í árslok.
- Aðgerðir samkvæmt neyðaráætlun LbhÍ vegna niðurskurðar á útgjöldum ganga eins og til stóð, 11 störf hafa verið lögð niður frá og með áramótum auk ýmissa breytinga á verkefnum og tilhögun starfa auk almennra sparnaðaraðgerða í öllum rekstri.
- Stofnað hefur verið einkahlutafélagið Grímshagi ehf. sem tekur við búrekstri á Hvanneyri og Hesti frá næstu áramótum. Unnið er að samstarfssamningi milli LbhÍ og hins nýja félags um afnot þess af landi og húsum, þjónustu búsins við kennslu og rannsóknir og önnur sameiginleg mál.

4. Fjármál og rekstur.

ÞTJ lagði fram og kynnti yfirlit yfir endurskoðaða rekstraráætlun 2009 og drög að áætlun 2010. Samkvæmt því sem þar kemur fram stefnir í að árið 2009 verði hallalaust þegar tekið hefur verið tillit til eignasölu. ÁS lagði fram og kynnti drög að samningi við Menntamálaráðuneytið en í honum er gert ráð fyrir hærri fjárveitingu á árinu 2010 en kemur fram í frumvarpi til fjárlaga. Gangi samningurinn eftir næst að loka hallalausri rekstraráætlun fyrir árið 2010 en að öðrum kosti verður enn á ný að gera ráð fyrir eignasölu, þ.e. sölu íbúðarhúsa allt að 45 mkr. til að mæta rekstrarútgjöldum ársins. Háskólaráð samþykkir að áfram verði unnið að rekstraráætlun út frá fyrirliggjandi drögum en áætluninni á að skila fullgerðri til menntamálaráðuneytisins fyrir 23. nóvember.

Fram kom í umræðum að mikilvægt sé að ganga frá uppsöfnuðum halla fyrri ára, en skólinn er ítrekað að lenda í neikvæðri fjölmiðlaumfjöllun vegna hans.

5. Önnur mál. Ekkert bókað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20.